

Ahrens gegn Þýskalandi

Dómur frá 22. mars 2012

Mál nr. 45071/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Börn. Faðernismál. Réttur til að fá faðerni viðurkennt.

1. Málsatvik

Kærandi, Denis Ahrens, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1970 og býr í Berlín. Kona sem hann hafði átt ástarsamband við eignaðist stúlkubarn árið 2005 og taldi kærandi að hann væri faðir barnsins. Á þeim tíma bjó konan með öðrum manni og fóru hún og sambýlismaðurinn með forsjá barnsins. Viðurkenndi sá maður að hann væri faðir barnsins og var jafnframt skráður faðir þess. Kærandi höfðaði mál fyrir þýskum dómstólum og krafðist viðurkenningar á því að hann væri faðir barnsins. Eftir að framkvæmd var mannfæðisráðgjafarannsókn var sýnt fram á að kærandi væri kynfaðir barnsins. Engu að síður var kröfu kæranda hafnað þar sem ekki var til staðar heimild fyrir kæranda til að krefjast viðurkenningar á faðerni barnsins í ljósi tengsla barnsins við sambýlismann móðurinnar samkvæmt faðernisviðurkenningu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi reisti kærú sína bæði á 8. gr. sáttmálans einni sér en einnig á 8. gr., sbr. 14. gr. sáttmálans. Taldi kærandi að brotið hefði verið á honum þar sem hann hefði ekki getað látið reyna á faðerni barnsins fyrir dómstólum, en slíkt hefði barninu sjálft verið heimilt og lagalegum foreldrum þess.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að réttur kæranda til friðhelgi einkalífs hefði verið takmarkaður með niðurstöðu þýskra dómstóla. Aftur á móti var ekki fallist á að réttur kæranda til fjölskyldulífs hefði verið takmarkaður, enda hefðu ekki skapast nán persónuleg tengsl milli kæranda og barnsins. Dómstóllinn rakti að meðal aðildarríkja sáttmálans væri ekki samstaða um það hvort veita ætti mönnum sem teldu sig vera feður þegar feðraðra barna úrræði til að láta reyna á faðernið. Aðildarríkin hefðu því vítt svigrúm til mats hvað þetta varðaði. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði hagsmuni af því að fá tengsl sín við barn sitt viðurkennd. Aftur á móti hefðu þýskir dómstólar fylgt eftir þýskri löggjöf sem miðaði að því að vernda fjölskyldutengsl milli dóttur kæranda og lagalegs föður hennar. Lagalegur faðir dóttur kæranda sinnti daglega skyldum sínum sem foreldri hennar. Aðildarríkin yrðu að meta í hverju tilviki hvort það væri barni fyrir bestu að komið yrði á einhvers konar tengslum milli þess og líffræðilegs föður. Í þessari skyldu væri þó ekki fólgið að kynfeður skyldu eiga möguleika á að höfða faðernismál fyrir dómstólum. Dómstóllinn taldi að mat þýskra dómstóla hefði að þessu leyti verið fullnægjandi og að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Ekki var heldur fallist á að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans, sbr. 14. gr. hans.